

Mál nr. 182/2014
M og
V vegna slysaftryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A.

Umferðarslys við Akrafjall. Tilkynningarfrestur þ. 8.1.2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.11.6.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 3.júlí 2014.

Málsatvik.

M missti stjórn á bifreið sinni A, í hálku þ. 8.1.2012 og lenti á annarri bifreið og slasaðist. M gerir kröfu til bóta úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda A, en V hafnar bótaskyldu þar sem slysið hafi verið tilkynnt félaginu eftir að ársfrestur var liðinn sbr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Tilkynning um slysið barst V þ. 4.10.2013. Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins á slysdegi og ekki fyrr en eftir að M leitaði til Jóns Ingvars Ragnarssonar læknis þ. 31.1.2013. Af hálfu M er því haldið fram að jafnvel þó að hann hafi hlotið beinbrot við áreksturinn þá sé ekki þar með sagt að hann megi búa við varanlegar afleiðingar af þeim sökum og M m.a. hafið störf aftur eftir slysið þ. 18.5.2012. V hafnar bótaskyldu og byggir á því að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar slysið var tilkynnt sbr. 124. gr. vátryggingarsamningalaga. V bendir á að við slysið hafi M brortið nærenda ristilleggjar litlutáar, hlotið kurlbrot á hælbeini sömu megin og samfallsbrot á liðbol í mjóhrygg og legið á sjúkrahúsi í 9 daga. Þá bendir V á að við eftirlit þ. 3.4.2012 hafi greinst aflögun á fæti M og samkvæmt vinnufærnisvottorði læknir dags. 29.5.2012 komi fram að fóturinn sé aflagaður til frambúðar. V segir að áverkarnir séu þess eðlis að M hafi strax á slysdegi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum þeirra og slysið því tilkynnt of seint sbr. ofangreint.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn þá liggur ekkert fyrir sem bendir til annars en að M hafi átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins á slysdegi og í síðasta lagi við útgáfu vinnufærnisvottorðs læknis þ. 29.5.2012. Af hálfu M var tilkynnt um slysið þ. 4.10.2013 en þá var ársfresturinn skv. 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 liðinn fyrir nokkru. Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem geta réttlætt það að slysið var ekki tilkynnt fyrr en að ofan greinir. M á því ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda vegna slyssins þ. 8.1.2010.

Reykjavík 12.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.